


Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300281/bs

Framleiðsla á 16.000 tonnum af sólarkísli á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 25. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða byggingu og rekstur verksmiðju til hreinsunar á kísli. Áætluð ársframleiðsla er um 16.000 tonn af sólarkísil.

Samkvæmt greinargerð mun lítill úrgangur falla til í vinnsluferlinu. Sá úrgangur sem myndast er nánast í öllum tilfellum söluvara. Umhverfisstofnun vill benda á að ef ráðgert sé að endurvinna úrgang í öðrum verksmiðjum á Grundartanga þarf að gæta þess að slík vinnsla verði í samræmi við starfsleyfi viðkomandi fyrirtækja.

Fram kemur í greinargerð að hvorki brennisteinsdíoxíð né flúor verði í útblæstri verksmiðjunnar, en um losun þessara efna segir m.a. í skýrslunni, Grundartangi, úttekt á umhverfisáhrifum. (Guðjón Jónsson, o.f.l. 2013):

Í töflu 12.2 kemur fram að kvaðir í reglugerð um mengun brennisteinstvíoxíðs eru ekki uppfylltar. Á þetta við um ákvæði um sólarringsgildi fyrir gróðurverndarmörk en það gildi hefur mælst tuttugu og einu sinni yfir leyfilegum mörkum (má fara sjö sinnum yfir mörk á ári). Sólarringsgildi fyrir heilsuverndarmörk hefur einu sinni farið yfir hámarksgildi skv. reglugerð (má fara þrisvar yfir mörk á ári). Í flokkuninni um álagseinkunn lenda þessi gildi því á gulum og appelsínugulum kvarða.

Mengun þessara þátta er því mögulega farin að takmarka framtíðarlandnotkun hvað varðar iðnað sem mun auka enn frekar útblástur brennisteinstvíoxíðs á svæðinu. bls. 52

Ljóst er að uppsöfnun á flúor í eldra fé er að aukast marktækt frá árinu 1997 - 2011. Þegar mælikvarðinn á innihald flúors í beinösku er skoðaður er ljóst að þessi þáttur er kominn að þeim mörkum þar sem að álagseinkunnin fer yfir á viðvörun. bls 53.

Losun frá verksmiðju Silicor er einkum ryk og er gert ráð fyrir að verksmiðjan losi um 63 tonn af ryki á ári. Fram kemur í greinargerð að uppistaða þess ryks sem verksmiðjan muni losa sé kísill og önnur efni í óverulegu mæli sbr. töflu á bls. 7 í greinargerð.

Fyrirhuguð verksmiðja verður staðsett nærri svæði nr. 235 á náttúruminjaskrá, en verndargildi þess svæðis er talið vera: *Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.*

Fráveita: Fram kemur í greinargerð að frárennsli verður leitt í sjó og þar sem rennsli er mjög lítið eða um 0,4 l/sek er ekki gert ráð fyrir neinum áhrifum á sjó, hvorki vegna efna né hita

frárennslis.

Niðurstaða: Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að verksmiðjan komi hvorki til með að losa flúor né brennisteinstvíoxíð út í umhverfið. Útstreymi frá verksmiðjunni mun því ekki koma til með að auka álag á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga á þeim mengunarefnum sem eru nú þegar komin að þolmörkum á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að nálægð verksmiðjunnar við svæði á náttúruminjaskrá komi til með að hafa nokkuð neikvæð áhrif á landslag og lífríki svæðisins, sér í lagi á fuglalíf. Að öðru leyti mun fyrirhuguð verksmiðja ekki rýra náttúruverndargildi umrædds svæðis sem nær frá Miðsandi út að Katanesi. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd verksmiðja muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirtækið taki þátt í sameiginlegri mengunarvöktun fyrirtækja á Grundartangasvæðinu.

Umhverfisstofnun vill enn fremur benda á að umrædd framleiðsla gæti fallið undir viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir sbr. lög nr. 70/1012.

Virðingarfyllt



Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri



Björn Stefánsson
sérfræðingur